



Launa- og kaupmáttarþróun var nær einstök á síðasta ári

Það hægði á launahækkunum á seinni hluta síðasta árs

Launavísitalan hækkaði um 0,4% milli nóvember og desember. Alls hækkaði launavísitalan um 9,1% á árinu en talsvert hægði á hækkunartaktinum frá maímánuði þegar árstakturinn náði hámarki í 13,4% hækkun frá fyrra ári. Þrátt fyrir að dregið hafi úr hraða launahækkana hefur kaupmáttur haldið áfram að aukast og var 7,1% meiri í desember 2016 en í desember 2015.

Árið 2016 var einstaklega hagstætt fyrir launaþróun

Sé litið á þróun launavísitölunnar yfir lengri tíma sést að árið 2016 er nokkuð einstakt bæði hvað varðar launaþróun og aukningu kaupmáttar. Launavísitalan, sem mælir þróun meðallauna í landinu per vinnustund, hefur ekki hækkað meira síðastliðinn aldarfjórðung. Laun í landinu hækkuðu að meðaltali um 11,4% milli árána 2015 og 2016, sem er mun meiri hækkun en mæld hefur verið á síðustu árum. Meðalhækkun launavísitölu á tímabilinu 1990-2016 var 6,5% sem er verulega meira en gerist í nálægum löndum.


Þróun kaupmáttar var ekki síður hagstæð

Þar sem verðlagsþróun hefur verið mjög hagstæð skiluðu launabreytingarnar á árinu 2016 mjög góðri kaupmáttarniðurstöðu. Kaupmáttur meðallauna hækkaði þannig um 9,5% frá 2015. Meðalbreyting kaupmáttar síðasta aldarfjórðunginn var 1,8% hækkun á ári. Kaupmáttaraukningin 2016 var því rúmlega fimm sinnum meiri en meðaltal síðasta aldarfjórðungs.


Markmið kjarasamninga um kaupmáttarþróun hefur náðst

Viðræður um endurskoðun og mögulega framlengingu kjarasamninga fer nú að hefjast. Einn mikilvægasti þátturinn við mat á því hvort markmið með samningunum hefur náðst er kaupmáttarþróunin. Telja verður öruggt að aðilar


Launaþróun og kaupmáttur



Árlegar breytingar launavísitölu 1990 - 2015



Kaupmáttarbreyting frá fyrra ári





samninganna séu nokkuð sammála um að markmiðin hafi nást hvað kaupmáttarþróunina varðar, þannig að ólíklegt er að hún verði ljón á veginum varðandi framlengingu.

Kaupmátturinn í sögulegu hámarki


Kaupmáttur launavísitölu náði hámarki á árinu 2007 eftir stöðuga aukningu frá árinu 1994. Á milli árana 2007 og 2010 minnkaði kaupmáttur launa um rúmlega 11% en hefur aukist stöðugt síðan, sérstaklega síðustu 3 ár. Kaupmátturinn fór hæst í ágúst 2008 og náði þeirri stöðu aftur í nóvember 2014. Frá nóvember 2014 til ársloka 2016 hefur kaupmátturinn hækkað um tæp 15% og er nú hærri en nokkru sinni fyrr.

Óvenjulegir tímar

Mörgum fannst djarflega teflt þegar kjarasamningar voru gerðir í upphafi ársins 2015 með töluvert miklum launahækkunum. Verðbólguþrá á þeim tíma voru í þá átt að verðbólga færi af stað þar sem atvinnurekendur gætu ekki tekið á sig þetta mikla hækkun launakostnaðar án þess að hækka verð vöru og þjónustu. Gamla íslenska líkanið gat ekki spáð fyrir annarri niðurstöðu. Hagstæð gengisþróun, lækkanir á hrávörumörkuðum, lítil verðbólga á innflutningsmörkuðum og fleiri þættir hafa haldið rækilega aftur af verðbólgu hér á landi þannig að kaupmáttarþróun hefur verið einstaklega góð.

Endurskoðun kjarasamninga er á næsta leyti og er óskandi að hægt verði að viðhalda þeim stöðugleika sem ríkt hefur á íslenskum vinnumarkaði og í hagkerfinu almennt á síðustu misserum.

Þróun kaupmáttar launa 1990-2016



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.